

Efnaeftirlit á áætlun

Skráningarskylda innfluttra efna - Takk hreinlæti ehf

Dagsetning	18.11.2024
Fyrirtæki	Takk hreinlæti ehf.
Heimilisfang	Draghálsi 18-26, 110 Reykjavík
Kennitala	6212973259
Starfsemi	Heildverslun með hreingerningarefni
Eftirlitsstaður	Rafrænt
Eftirlitsmaður	Bergdís Björk Bæringsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Sigurður Ingvar Sigurðsson
Málsnúmer	UST202411-152

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í rafrænt eftirlit með innflutningi efna út frá innflutningsgögnum frá tollyfirvöldum. Skoðað var hvort efni sem flutt voru til Íslands á tímabilinu 1. janúar - 31. október 2024 í magni sem nemur 1 tonni eða meira falli undir skráningarskyldu og uppfylli þær kröfur sem settar eru fram með reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Samkvæmt innflutningsgögnum flutti Takk hreinlæti ehf. inn nokkur efni í magni sem námu meira en eitt tonn. Fyrirtækið gaf upp REACH skráningarnúmer fyrir sendingarnar sem samræmist þeim gögnum sem eru á skrá hjá Efnastofnun Evrópu. Í ljósi þess telur stofnunin málinu lokið.

MERKING HUGTAKA

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

ECHA: Efnastofnun Evrópu (e. European Chemicals Agency)¹ sem ber ábyrgð á margvíslegum verkefnum á forsendum ýmissa reglugerða, m.a. REACH.

Innflytjandi: Aðili sem flytur vörur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) inn á EES.

Markaðssetning: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

¹ Vefur Efnastofnunar Evrópu: <https://echa.europa.eu/>

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)².

SKRÁNING HJÁ EFNASTOFNUN EVRÓPU

Meðal þeirra skyldna sem REACH reglugerðin leggur á innflytjendur og framleiðendur er skráningarskylda. Samkvæmt reglugerðinni þurfa þeir sem framleiða eða flytja inn efni í meira magni en 1 tonn á ári, hvort sem þau eru hrein eða í efnablöndu, að skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA). Með innflutningi er átt við innflutning inn á evrópska efnahagssvæðið. Ekki má framleiða né markaðssetja efni, hvort sem þau eru hrein eða í efnablöndum, nema þau hafi verið skráð. Athugið þó að í tilfellum innfluttra efnablandna er skráningarskyldan á hvert efni (frumefni eða efnasamband) þegar magn þess nær 1 tonni á ári en ekki á efnablönduna sem slíka. Jafnframt eru tiltekin efni undanþegin skráningu, þar á meðal fjölliður.

Í sumum tilfellum hafa framleiðendur efna með staðfestu utan EES tilnefnt, með gagnkvæmu samkomulagi, einstakling eða lögaðila sem hefur staðfestu innan EES sem sinn eina fulltrúa (e. only representative). Í slíkum tilfellum fellur það í hlut eina fulltrúans að rækja þær skyldur sem reglugerðin leggur á herðar innflytjendum og innflytjandinn verður þá eftirnotandi í skilningi reglugerðarinnar. Skráningarskyldan sem lýst er að framan fellur í hlut eina fulltrúans hafi hann verið tilnefndur.

Skráningarnúmer eru meðal þeirra upplýsinga sem koma skulu fram í öryggisblöðum fyrir efni sem flokkast sem hættuleg. Í tilfelli hreinna efna skal skráningarnúmerið koma fram í lið 1.1 *Vörुकenni* í öryggisblöðum sbr. lið 1.1 í A-hluta II. viðauka við REACH. Í tilfelli efnablandna er skráningarnúmer, sbr. lið 3.2.4 í A-hluta II. viðauka við REACH, meðal þeirra upplýsinga sem skrá skal fyrir hvert efni sem skylda er að gefa upp undir lið 3.2. *Blöndur* í samræmi við liði 3.2.1 og 3.2.2 í sama viðauka. Samkvæmt framangreindum ákvæðum er birgi öryggisblaðs heimilt að sleppa síðustu fjórum tölustöfum í skráningarnúmeri, sem vísa til einstaks skráningaraðila, gegn því að taka ábyrgð á að leggja fram fullt skráningarnúmer ef þess er krafist af eftirlitsaðila eða, ef hann hefur ekki aðgang að fullu skráningarnúmeri, framsenda beiðnina til síns birgis og upplýsa eftirlitsaðilann (í þessu tilfelli Umhverfisstofnun) um það. Sá birgir skal þá leggja fram full skráningarnúmer eða, ef hann hefur ekki aðgang að fullu skráningarnúmeri, framsenda beiðnina til síns birgis og þannig koll af kalli þar til skráning efnisins hefur verið staðfest. Ákvæðið myndar þannig keðju ábyrgðar sem leiðir til þess að hægt sé að staðfesta skráningu efnisins sem um ræðir.

UNDANÞÁGA FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU

Tiltekin efni og efnaflokkar eru undanþegin skráningarskyldu en þau er að finna í IV. og V. viðauka við REACH. Dæmi um slík efni eru glúkósi, frúktósi, laktósi, eðalgös, vatn og

² Reglugerð nr. 888/2015 á vef Ísland.is: <https://island.is/reglugerdir/nr/0888-2015>

sellulósi. Dæmi um efnaflokkar eru náttúruleg gös, gler, molta, fituefni og olíur sem ekki hefur verið breytt með efnafræðilegum aðferðum.

Að auki er sum notkun undanþegin þegar efni eru einungis notuð í ákveðnum tilgangi til að mynda:

- Bragðefni og íblöndunarefni fyrir matvæli
- Efni til framleiðslu lyfja
- Virk efni í sæfivörum eða plöntuverndarvörum
- Efni sem eru notuð við vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun (e. product and process orientated research and development, PPORD)

Að sama skapi eru til undantekningar sem tengjast uppruna efnisins. Til að mynda þarf ekki að skrá úrgang eða efni sem hafa nú þegar verið skráð, flutt út af EES og svo endurinnflutt inn á svæðið.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 18.11.2024, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með skráningu innfluttra efna, í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Búið var að síá út úr innflutningsgögnum frá töllyfirvöldum frá tímabilinu 1.1.2024 – 31.10.2024, í samræmi við heimildir stofnunarinnar skv. 8. gr. efnalaga, þær sendingar á efnum sem voru yfir 1 tonni og komu frá löndum utan EES. Í kjölfarið var send beiðni um upplýsingar til fyrirtækja sem fengust með síunni. Markmið eftirlitsins er að athuga hvort innflutt efni falli undir skráningarskyldu og uppfylli þær kröfur sem settar eru fram með reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Eftirlitið er þáttur í samevrópsku verkefni á vegum gagnaskiptatorgs um eftirlit (e. Forum for Exchange of Information on Enforcement) og er áherslan lögð á innflytjendur innan EES.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var skoðaður innflutningur fyrirtækisins á nokkrum efnum sem féllu undir framangreint umfang. Umhverfisstofnun bað um nánari upplýsingar vegna þriggja efna sem virtust skráningarskyld, þau voru natríum karbónat, natríum súlfat og íblöndunarefni. Ætluð notkun efnanna fellur ekki undir undanþágur frá skráningarskyldu og óskaði því stofnunin eftir staðfestingu á skráningu þeirra. Upplýsingum sem fyrirtækið veitti um skráningarnúmer og fyrirkomulag skráningar ber saman við gögn frá Efnastofnun Evrópu. Alls gaf fyrirtækið upp sjö skráningarnúmer og frekari gögn um efnin, en þau voru natríum karbónat, natríum súlfat, tetrakalíum pýrófosfat, ísóprópanól, natríum metasílikat penthýdrat, zeólít (ZC3) og tetraasetýletýlendíamín (TAED). Því gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir og telst málinu lokið.

ÁBENDINGAR

Stofnunin minnir á að óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem ekki hefur verið skráð, sbr. 2. mgr. 23. gr. efnalaga nr. 61/2013. Því er mikilvægt að fá staðfestingu á skráningu hjá birgi eða framleiðanda áður en innflutningur á sér stað ef innflytjandi hyggst ekki skrá efnið sjálfur.

Reykjavík, 5.12.2024

Bergdís Björk Bæringsdóttir